



Stykkishólmssbær



# STYKKISHÓLMUR MIÐBÆR

REITUR AUSTAN ÁDALGÖTU  
DEILISKIPULAGSGREINARGERÐ  
APRÍL 2022

UPPFÆRT EFTIR AUGLÝSINGU Í NÓVEMBER 2021  
OG VEGNA ATHUGASEMDA SKIPULAGSSTOFNUNAR Í MARS 2022

GLÁMA · KÍM

Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík  
s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 495 2739  
glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is

## **GREINARGERÐ**

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Víkurgötu og Aðalgötu til vesturs, Austurgötu til norðurs og lóðamörk húsa við Skúlagötu til austurs. Afmörkun skipulagssvæðisins myndar ágæta skipulagslega heild þar sem það liggur að gildandi deiliskipulagi miðbærjars til vesturs og austurmörk fylgja ásdragri við lóðarmörk húsa sem standa við Skúlagötu. Svæðið er u.p.b. 1,7 ha að stærð og að mestu fullbyggt.

Markmiðið deiliskipulagsins eru í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um að styrkja gamla bæjarkjarnann með verndun og uppbyggingu en í greinargerð aðalskipulags segir um miðbæinn á bls. 23: „í skipulaginu er lögð áhersla á verndun og varðveislu gamla bæjarins í Stykkishólmi. Jafnframt er hvatt til frekari nýtingar og uppbyggingar í gamla bænum. Þar eru áhugaverðir möguleikar á þjónustu við ferðamenn í samþyli söguminja og nútíma atvinnuháttá.“

Einnig er í aðalskipulaginu hvatt til betri nýtingar á þegar byggðum svæðum eins og segir á bls. 15 undir markmiðum: „Að ná fram meiri hagkvæmni í nýtingu gatnakerfis, veitukerfis og viðhaldi opinna svæða með því að taka til endurskoðunar þegar byggð svæði og nýta eyður sem eru í byggðinni.“

Með deiliskipulagsvinnunni eru skilgreindar nýjar lóðir og byggingarreitir á auðum svæðum á deiliskipulagssvæðinu þannig að nýbyggingar á þeim styrki enn frekar fallega bæjarmynd Stykkishólms. Einnig eru óskýr lóðamörk skilgreind í deiliskipulaginu.

Samhliða deiliskipulagsvinnunni léti bæjarstjórn vinna húsakönnun fyrir deiliskipulagssvæðið og var lokið við gerð hennar árið 2021 (Sigurður Grétarsson, Húsakönnun Stykkishólmur, Deiliskipulagssvæði austan Aðalgötu, 2021). Menningarmínjar á svæðinu eru hús sem eru ýmist friðlýst eða friðuð vegna aldurs. Nánar upplýsingar um varðveislusum er að finna í húsakönnuninni. Fornleifaskráning fyrir svæðið liggur fyrir (Ágúst Ó. Georgsson. Fornleifaskráning í Stykkishómi. Reykjavík, 1987).

## **Umhverfisáhrif**

Í samræmi við 5. mgr. 12 gr. skipulagslags, er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum deiliskipulagsins. Fyrirhugaðar deiliskipulagsheimildir eru óverulegar hvað varðar umhverfissjónarmið. Byggingarmagn á svæðinu mun aukast þar sem skilgreindir eru nýir byggingarreitir. Það mun hafa í för með sér óverulega aukna umferð en betur skilgreindar gótur og bílastæði.

## **Efnisval, frágangur.**

Nýbyggingar á svæðinu skulu taka fullt tillit til gömlu byggðarinnar og falla vel að henni. Virða skal sögu svæðisins og formfræði gömlu húsanna. Sömu alúð skal leggja í efnisval og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum.

„Nýtt og gamalt getur vel farið saman í húsagerð eins og á öðrum sviðum mannlífsins. Hjó nýja verður einungis að sýna því eldra fulla tillitssemi“ (Hörður Ágústsson, Húsakönnun Stykkishólmi, 1978)

Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða, munu byggingaryfirvöld meta hvort yfirbragð fyrirhugaðra nýbygginga samræmist viðmiðum um gamla byggð.

Við breytingar og lagfæringar gatnakerfisins er mikilvægt að byggðin og landslagið séu forsendan og göturnar lagaðar að aðstæðum. Þær skulu hannaðar og útfærðar þannig að þær hafi umhverfinu bæði hvað varðar legu og efnisval.

Girðingar á lóðarmörkum skulu hæfa umhverfinu og vera í anda þess sem best er gert í gamla bænum. Að öðru leyti gilda ákvæði byggingarreglugerðar.

Mikilvægt er að hanna og útfæra lýsingu á svæðinu þannig að hún sé í anda gamallar byggðar.

Smáhýsi á lóðum eru heimil allt að 10 m<sup>2</sup> og gilda um þau sömu reglur og um aðrar nýbyggingar á svæðinu þ.e.a.s. að útlit þeirra taki fullt tillit til gömlu byggðarinnar og falli vel að henni. Sækja skal um byggingarleyfi fyrir smáhýsum sem eru 10 m<sup>2</sup> eða stærri og skulu þau einnig uppfylla sömu kröfur um útlitsgæði. Við Aðalgötu er einungis heimilt að reisa smáhýsi á baklóðum. Að öðru leyti gilda ákvæði byggingarreglugerðar.

Bílastæði eru skilgreind á hverri lóð fyrir sig og fer fjöldi þeirra eftir aðstæðum hverju sinni. Þetta er gert þar sem um er að ræða viðkvæma varðveisluverða byggð.

Fyrirvari er gerður um endanlegar stærðir lóða en þær munu byggja á lóðarblöðum sem verða unnin í kjölfarið af samþykkt deiliskipulagsins.

Stofnlagin eru merktar inn samkvæmt upplýsingum frá Milu. Á nokkrum stöðum eru lagnir inn á byggingarreitum. Taka þarf tillit til þessa og gera viðeigandi ráðstafanir við undirbúnung framkvæmda.

Miðlina götu og veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar meðfram Aðalgötu er synt á skipulagsupprættinum í samræmi við gr. 5.3.2.5. í skipulagsreglugerð 90/2013. Veghelgunarsvæðið er 30 m til hvorar handar frá miðlinu vegar sbr. Vegalög nr. 80/2007 og eru framkvæmdir innan veghelgunarsvæða háðar leyfi Vegagerðarinnar.

## **Skipulagsferlið**

Bæjarstjórn samþykkti þann 28. nóvember 2019 að auglysa lýsingu deiliskipulagsins og var lýsingin auglýst 4. desember 2019 með athugasemda fresti til 20. desember. Hún var send til umsagnar Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Minjastofnunar . Auk þess var kynningarbréf sent til lóðarhafa á deiliskipulagssvæðinu. Engar athugasemdir bárust en brugðist var við ábendingum umsagnaraðila í tillögugerðinni.

Drög að deiliskipulagstillögu voru kynnt á íbúafundi 17. mars 2021 og á fundi með lóðarhöfum í apríl 2021. Þann 12. maí 2021, samþykkti bæjarstjórn að auglysa tillöguna skv. 41. gr. skipulagslagsa nr. 123/2010 ásamt Húsakönnun og tillögu að breytingu á deiliskipulaginu Stykkishólmur miðbær (28.08.2003 m.s.br.) þar sem hluti skipulagsreitsins er feldur út og færður innan marka nýju tillögunnar. Tillagan var auglýst 19. maí 2021 með athugasemda fresti til 30. júní 2021 og höfði til sýnis á heimasiðu bæjarins og í ráðhúsi. Tölvupóstur með tillögunni var sendur á lóðarhafa á deiliskipulagssvæðinu og til umsagnaraðila, sem gerðu engar athugasemdir. Brugðist var við minniháttar ábendingum í uppfærðri tillögu.

Þann 19. júlí 2021, tók skipulags- og byggingarnefnd afstöðu til innsendra athugasemda frá sex aðillum og var afgreiðsla nefndarinnar staðfest af bæjarráði f.h. bæjarstjórnar þann 26. júlí 2021. Þann 13. september 2021, lögði skipulags- og byggingarnefnd til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan yrði samþykkt með minniháttar breytingum til þess að koma til móts við athugasemdir sem höfðu borist innan athugasemda frests.

Þann 23. september 2021, fólk bæjarráð skipulagsfulltrúa að kanna möguleika á frekari minniháttar breytingum vegna athugasemda sem borist höfðu á auglysingartímanum og 8. október 2021 ályktuði skipulags- og byggingarnefnd að uppfærð tillaga með minniháttar breytingum væri óbreytt í grundvallaratriðum og þarfnaðist því ekki auglysingar á nýjan leik, sbr. 4. mgr. 41. gr. skipulagslagsa. Bæjarráð samþykkti afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar 11. nóvember 2021 og aftur 2. desember 2021 með tveimur minniháttar breytingum.

Bæjarstjórn samþykkti þann 9. desember 2021 að tillagan væri óbreytt í grundvallaratriðum og þarfnaðist ekki auglysingar á nýjan leik, sbr. 4. mgr. 41. gr. skipulagslagsa og staðfesti jafnframt fyrilliggjandi svör við efni athugasemda og umsagna. Tillagan var send til yfirferðar Skipulagsstofnunar ásamt Húsakönnun og tillögu að breytingu á

Þeim sem gerðu athugasemdir var tilkynnt um niðurstöðu bæjarstjórnar og athugasemendum þeirra svarað sbr. 1. mgr. 42. gr. skipulagslagsa 123/2010. Tillagan, ásamt Húsakönnun og tillögu að breytingu á deiliskipulaginu Stykkishólmur miðbær, var staðfest af Skipulagsstofnun 10. mars 2022 með smávægillegum breytingum og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 27. apríl 2022.

# STYKKISHÓLMUR FYRRI ÁRA

## skýringar




ekki vitað um höfund myndar

Dæmi um fallega, þéttu húsaþyrpingu

# MÓDELMYND

## skýringar



Eitt af markmiðunum með deiliskipulagsvinnunni var að skilgreina  
nýjar lóðir og byggingarreiti á þann hátt að nýbyggingarnar styrki  
enn frekar fallega bæjarmynd Stykkishólms.

# STYKKISHÓLMUR FYRRI ÁRA

## skýringar




myndhöfundur óþekktur

Dæmi um fallega, þéttu húsaþyrpingu

# MÓDELMYND

## skýringar



Nýbyggingar í miðbæ Stykkishólms taki mið af núverandi byggð hvað varðar  
stærð, hlutföll og efnisval.

# STYKKISHÓLMUR FYRRI ÁRA

## skýringar



myndhófundur óþekktur

Dæmi um fallega, þéttu húsaþyrpingu

# HÚSAÞYRPING

## skýringar



Dæmi um fallega húsaþyrpingu við Skólastíg en þær eru nokkrar í miðbænum og hafa verið viðmiðin við deiliskipulagsgerðina. Hönnun nýbygginga í miðbænum þarf að miða að því að falla vel að þessum fallegu húsaþyrpingum.

# BÆJARMYND

## skýringar



Falleg bæjarmynd Stykkishólms sem sífellt þarf að styrkja og varðveita

# BÆJARRÝMI

## skýringar



Bæjarrými í miðbæjarskipulaginu. Mikilvægt er að vinna áfram að góðum bæjarrýmum.



Góð bæjarrými, góð aðstaða, gott mannlíf.

# GÖTUMYND

## skýringar



Horft niður Skólastíg en gatan er dæmi um fallega götumynd, sem eru þónokkrar í miðbænum og hafa verið viðmið við deiliskipulagsgerðina. Nýbyggingar í miðbænum þurfa að falla vel að landi og byggð og styrkja þannig götu- og bæjarmynd.

# MÓDELMYND

## skýringar

dæmi um nýbyggingu við Aðalgötu


utan deiliskipulagsmarka þessa skipulags en sýnir heimilað umfang nýbygginga í miðbænum samkvæmt miðbæjarskipulagi



"Nýtt og gamalt getur vel farið saman í húsagerð eins og á öðrum sviðum mannlífsins. Hið nýja verður einungis að sýna því eldra fulla tillitssemi."  
Tilvitrinun í húskönnun Harðar Ágústssonar frá 1978.

# GÖTUMYND AÐALGÖTU

## skýringar



Hæðir húsa við Aðalgötu.

# VOTIHVAMMUR

## skýringar



Húsið Votihvammur stóð við Aðalgötuna á þeim slóðum þar sem ný lóð nr. 5A með byggingarheimild er skilgreind í deiliskipulaginu.

# GÖTUMYNDIR

## skýringar



Lagt er til að götumynd Aðalgötu verði styrkt með því að byggja að götu eins og áður var og að göturýmið verði hannað þar sem meiri alúð verði lögð í frágang.


# GÖTUMYNDIR

## skýringar



Aðalgata

Ljósmynd: Þorsteinn Þórhallsson



Víkurgata, Aðalgata

Ljósmynd: Þorsteinn Þórhallsson

Á myndunum, sem eru frá árinu 1966, má sjá húsið Votahvam sem stóð gengt bílhúsini. Á u.p.b. sama stað er gert ráð fyrir í nýju deiliskipulagi að mögulegt verði að byggja hús.

# DÆMI UM FRÁGANG Í MIÐBÆNUM

## skýringar



Víða einkennir fallegur frágangur bæjarmynd Stykkishólms

- klæðningar
- glugga- og hurðafrágangur

# DÆMI UM FRÁGANG Í MIÐBÆNUM

## skýringar



Víða einkennir fallegur frágangur bæjarmynd Stykkishólms

- þakbrúnir og rennur
  - hellulögn
- steinhleðslur og torfveggir
  - grindverk og hlið
  - götugögn
    - lýsing
    - bekkir

1980

# AUSTUGATA 4B

## skilmálar

AUSTURGATA


AUSTURGATA

2  
1959


STURGATA

tillaga  
4500  
Sólheimar  
6  
2h 1934

2  
1943



### KENNISNIÐ



### UMFANG BYGGINGARHEIMILDAR

#### Austurgata 4B

Af löðinn nýtur útsýnis til norðurs út á höfnina. Aðkoma er sunnanmegin frá að efri hæðinni. Þar gilda eftirfarandi skilmálar. Megin form hússins er skilgreint með byggingarreit og kennisið. Húsið skal taka fullt tillit til gömlu byggðarinnar og falla vel að henni. Virða skal sôgu svæðisins og formfræði gömlu húsanna. Sömu alúð skal leggja í efnival og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða munu byggingaryfirvöld meta hvort byggingarleyfisumsóknir samræmist viðmiðum um yfirbragð.

Megin mænisstefna kemur fram á uppdrætti. Svalir mega ná 1,0 m út fyrir byggingarlinu. Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn en byggja skal að lágmarki u.p.b. 80% af heimiluðu byggingarmagni. Lítir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ Stykkishólms. Þakhalli skal vera eins og kennisið sýnir en heimilað er frávik upp á 2°. Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirtalinda byggingarefna:

#### Þök:



Timburklæðning, báruð málarklæðning (hefðbundin bára), sinkklæðning og koparklæðning.

#### Veggir:

Timburklæðning, bárujárnsklæðning, listuð pappaklæðning, sinkklæðning, koparklæðning, og múrhúðaðir veggir.


# AUSTUGATA 6A

## skilmálar



hæðarsetningar taki mið af landi og aðstæðum

### KENNISNIÐ



### UMFANG BYGGINGARHEIMILDAR

#### Austurgata 6A

Löðin er á horni Austurgötu og Skúlagötu með aðkomu frá Austurgötu. Auk íbúðarhúss er heimilt að byggja bílskúr á löðinni. Eftirfandi skilmálar gilda. Megin form hússins er skilgreint með byggingarreit og kennisniði. Húsið skal taka fullt tillit til aðliggjandi byggðar og falla vel að henni. Virða skal sögu svæðisins og formfræði húsanna. Sömu alðu skal leggja í erfvisal og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða munu byggingarfirvöld meta hvort byggingarleyfis- umsóknir samræmist viðmiðum um yfirbragð.

Megin mænisstefna kemur fram á uppdrætti. Svalir mega ná 1,0 m út fyrir byggingarlinu. Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn en byggja skal að lágmarki u.p.b. 80% af heimiliðu byggingarmagni íbúðarhúss. Litir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ Stykkishólms. Þakhalli skal vera eins og kennisnið sýnir en heimilað er frávik upp á 2°. Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirtalina byggingarefna:

#### Þök:

Timburklæðning, báruð málmkláðning (hefðbundin bára), sinkklæðning og koparklæðning.

#### Veggir:

Timburklæðning, báruðaránsklæðning, listuð pappaklæðning, sinkklæðning, koparklæðning, og múrhúðaðir veggir.

**ADALGATA 5 og 5A**

## skilmálar

# Kirkjutorg



ADALGATA

An architectural floor plan showing a rectangular building footprint. In the center, there is a square room labeled "7 m<sup>2</sup>". Above this room, the text "kvöð um aðgengi að vegg til viðhalds" is written. To the left of the main structure, there is a smaller, separate area labeled "06". The entire drawing is composed of thin black lines on a white background.

The diagram shows a trapezoidal area bounded by dashed lines. The top horizontal side has an angle of 15° indicated by a dashed line and a triangle. The left vertical side has a height of 3000 mm indicated by a dashed line and a triangle. The right vertical side has a height of 3200 mm indicated by a dashed line and a triangle. The trapezoid is filled with yellow. The label "AD\_5A" is centered within the trapezoid.

A diagram showing a trapezoidal cross-section. The vertical axis on the left has labels: 7400 at the top, 4200 in the middle, and 3200 at the bottom. A dashed horizontal line extends from the 4200 mark across the trapezoid. The top edge of the trapezoid is curved, and the bottom edge is straight.

DÆMI UM SNIÐ



DÆMI UM UMFANG BYGGINGARHEIMDAR

Aðalqata 5

EKKI ER GERT RÁÐ FYRIR NÝJUM BYGGINGARHEIMILDUM VIÐ AÐALGÖTU 5.

Aðalgata 5A

Bygging á lóðinni verður áberandi hluti af bæjarmyndinni og mun skyra og fegra göturýmið. Eftirfarandi skilmálar gilda. Megin form hússins er skilgreint með byggingarreit, hæð og mænisstefnu. Sýnd eru dæmi um möguleg þakform. Einungis er heimilt að reisa alla byggininguna í einum áfanga. Húsið skal taka fullt tillit til gömlu byggðarinnar og falla vel að henni. Virða skal sögu svæðisins og formfræði gömlu húsanna. Sömu aluð skal leggja í efnisval og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða munu byggingaryfirvöld meta hvort byggingarleyfisumsóknir samræmist viðmiðum um yfirbragð. Megin mænisstefna kemur fram á uppdrætti. Svalir mega ná 1,0 m út fyrir byggingarlínu. Bundin byggingarlína er að götu. Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn en byggja skal að lágmarki u.p.b. 85% af heimiluðum byggingarmagni. Litir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ Stykkishólms. Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirlalinna byggingarefna:

Böke


Timburklæðning, báruð málmklæðning (hefðbundin bára), sinkklæðning, læst koparklæðning og listað pappapæk.

## Veggir:


Timburklæðning, bárujárnsklæðning, listuð pappaklæðning, sinkklæðning og koparklæðning.

# AÐALGATA 7 1967 skilmálar

AÐALGATA



KENNISNIÐ Í TENGIGANGI



KENNISNIÐ Í VIÐBYGGINGU

## Aðalgata 7

Heimilt er að byggja við, viðbyggingu hússins sem skal taka fullt tillit til aldurs og friðunar þess. Leita skal umsagnar Minjastofnunar. Um húsið gilda eftirfarandi skilmálar. Megin form hússins er skilgreint með byggingarreit og kennisniði. Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn. Húsið skal taka fullt tillit til gömlu byggðarinnar og falla vel að henni. Virða skal sögu svæðisins og formfræði gömlu húsanna. Sömu aluð skal leggja í efnisval og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða munu byggingaryfirvöld meta hvort yfirbragð nýbyggingar samræmist viðmiðum.

Litir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ Stykkishólms. Þakhallir er frjáls innan kennisniðs. Við frágang utanhus er einungis heimilt að nota einhver eftirtalinnina byggingarefna:

### Þök:


Timburklæðning, báruð málmklaðning (hefðbundin bára), sinkklæðning, koparklaðning og listað pappak.

### Veggir:


Timburklæðning, bárujárnsklaðning, listað pappaklaðning, sinkklæðning og koparklaðning.

# AÐALGATA 7A

1967  
skilmálar



## KENNISNIÐ



## UMFANG BYGGINGARHEIMILDAR

### Aðalgata 7A

Lóðin er norðan við gamla Sýslumannshúsið (sem er friðað vegna aldurs) en gert er ráð fyrir að bygging þar geti tengst gamla Sýslumannshúsinu með tengigangi á einni hæð. Eftirfarandi skilmálar gilda. Megin form hússins er skilgreint með byggingarreit og kennisniði. Heimilt er að byggja kvisti á húsið sem nemur 1/3 langhliðar hússins. Húsið skal taka fullt til til gömlu byggðarinnar og falla vel að henni. Virða skal sôgu svæðisins og formfræði gömlu hússanna. Sömu alúð skal leggja í efnisval og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða munu byggingaryfirvöld meta hvort byggingarleyfisumsóknir samræmist viðmiðum um yfirbragð.


Megin mænisstefna kemur fram á upplætti. Svalir mega ná 1,0 m út fyrir byggingarlinu. Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn en byggja skal að lágmarki u.p.b. 85% af heimiliðu byggingarmagni. Litir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ Stykkishólms. Þakhalli skal vera eins og kennisnið sýnir en heimilað er frávik upp á 2°. Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirlinna byggingarefna:

#### Bök:


Timburklæðning, báruð málmklæðning (hefðbundin bára), sinkklæðning, koparklæðning og listað pappaklæðning.

#### Veggir:

Timburklæðning, bárujárnsklæðning, listuð pappaklæðning sinkklæðning og koparklæðning.



## KENNISNIÐ



## UMFANG BYGGINGARHEIMILDAR

### Aðalgata 7C

Löð við norðanverðan Sýslumannshóllinn. Aðkoma er frá Austurgötu að neðri hæð en neðri hæð sunnan megin er að hluta niðurgrafin. Þar gilda eftirfarandi skilmálar. Megin form hússins er skilgreint með byggingarreit og kennisnið. Heimilt er að byggja kvisti á húsið sem nemur 1/3 langhlíðar hússins. Húsið skal taka fullt tillit til aðliggjandi byggðar og falla vel að henni. Virða skal sögu svæðisins og formfræði húsanna. Sömu alíð skal leggja í efnisval og úffaerlu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða munu byggingaryfirvöld meta hvort byggingarleyfisumsóknir samræmist viðmiðum um yfirbragð.


Megin mænisstefna kemur fram á uppdrætti. Svalir mega ná 1,0 m út fyrir byggingarreit. Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn en byggja skal að lágmarki u.p.b. 80% af heimiliðu byggingarmagni. Litir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ Stykkishólms. Þakhalli skal vera eins og kennisnið sýnir en heimilað er frávik upp á 2°. Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirlinna byggingarefna:

#### Bök:


Timburklæðning, báruð málmklaðning (hefðbundin bára), sinkklæðning og koparklæðning.

#### Veggr:

Timburklæðning, bárujárnsklæðning, listuð pappaklæðning, sinkklæðning og koparklæðning.



KENNISNIED



Aðalgata 9

Lóð sunnan við gamla Sýslumannhúsið sem er friðað vegna aldurs. Þar gilda eftirfarandi skilmálar.

Megin form hússins er skilgreint með byggingarreit og kennisniði. Heimilt er að byggja kvisti á húsið sem nemur 1/3 langhlíðar hússins. Húsið skal taka fullt tillit til gömlu byggðarinnar og falla vel að henni. Virða skal sögu svæðisins og formfræði gömlu húsanna. Sömu aluð skal leggja í efnisval og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða munu byggingaryfirlöld meta hvort byggingarleyfisumsóknir samræmist viðmiðum um yfirbraðð

Megin mænisstefna kemur fram á upprðætti.  
Heimilt er að nýta þak útbyggingar sem svalir.  
Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn en byggja skal  
að íágmarki u.p.b. 80% af heimiluðu byggingarmagni.  
Litir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ  
Stykkishólms. Þakhalli skal vera eins og kennisnið sýnir  
en heimilað er frávik upp á 2°.

Violent  
offences


**Bök:** Timburklæðning, háruð málmsklæðning (hefðbundin

bára), s


**Veggir:** Timburkæðning, bárujárnsklæðning, listuð nappaklæðning sinkklæðning og koparklæðning

# VÍKURGATA 1

skilmálar+ris




Byggingarreitur íbúðarhúss



Byggingarreitur fyrir bílskúr

## KENNISNIÐ



### Víkurgata 1 / Víkurgata 1A

Heimiluð er viðbygging á einni hæð við íbúðarhúsið fyrir bílskúr. Einnig er á lóðinni skilgreindur byggingarreitur fyrir annað íbúðarhús á tveimur hæðum.

Um báðar byggingarnar gilda eftirfarandi skilmálar. Megin form húsanna er skilgreint með byggingarreit og kennisniði. Bæði viðbyggjingin og íbúðarhúsið skulu taka fullt tillit til aðliggjandi byggðar og falla vel að henni. Virða skal sögu svæðisins og formfræði húsanna. Sömu aluð skal leggja í efnisval og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða munu byggingarfirvöld meta hvort byggingarfisumsóknir samræmist viðmiðum um yfirbragð.

## UMFANG BYGGINGARHEIMILDAR

Um bílskúrinn VÍ\_1 gildir að heimilt er að hafa á honum skúrpak eða nýta þakið sem svalir. Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn. Samræmis skal gæta í efnisvali milli bílskúrs og íbúðarhús. Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirtalinn byggingarefna:

### Pök:

Ef skúrpak er notað, þá skal nota báraða málmklaeðningu (hefðbundin bára), sinkklaeðingu eða koparklaeðingu. Ef svalir eru hafðar, þá skal nota viðeigandi þakfrágangur undir svöldum.

### Veggir:

Timburkæðning, bárujárnsklæðning, listuð pappaklaeðning, sinkklaeðning og koparklaeðning.

Um íbúðarhúsið VÍ\_1A gildir að megin mænisstefna kemur fram á upprætti. Svalir mega ná 1,0 m út fyrir byggingarreit. Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn en bygga skal að lágmarki u.b.b. 80% af heimiluð byggingarmagni. Litir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ Stykkishólms. Í þakinu skulu vera brot eins og kennisnið sýnir en ekki er gerð krafa um ákveðna halla. Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirtalinn byggingarefna:

### Pök:


Timburkæðning, báruð málmklaeðning (hefðbundin bára), sinkklaeðning og koparklaeðning.

### Veggir:

Timburkæðning, bárujárnsklæðning, listuð pappaklaeðning, sinkklaeðning og koparklaeðning.



## KENNISNIÐ



## UMFANG BYGGINGARHEIMILDAR

### Víkurgata 3

Heimilað er að byggja bílskúr á lóðinni. Megin form bílskúrsins er skilgreint með byggingarreit og kennisiði. Heimilt er að fullbyggja byggingarreitinn. Bílskúrinn skal taka fullt tillit til aðliggjandi byggðar og falla vel að henni. Virða skal sögu svæðisins og formfræði húsanna. Sömu aludó skal leggja í efnisval og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða munu byggingaryfirvöld meta hvort byggingarleyfisumsóknir samræmist viðmiðum um yfirbragð.


Megin mænisstefna kemur fram á upprætti. Litir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ Stykkishólms. Þakhalli skal vera eins og kennisið sýnir en heimilað er frávik upp á 2°. Samræmis skal gæta í efnisvali milli bílskúrs og viðbyggingar við íbúðarhús. Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirtalina byggingarefna:

#### bók:

Timburklæðning, báruð málarklæðning (hefðbundin bára), sinkklæðning og koparklæðning.

#### Veggr:

Timburklæðning, bárujárnsklæðning, listu pappaklæðning, sinkklæðning, koparklæðning, og múrhúðaðir veggir.




**Víkurgata 5**  
Heimilaðar eru viðbyggingar á einni hæð við húsið. Einnig er á lóðinni skilgreindur byggingarreitur fyrir bílskúr. Um nýbyggingarnar gilda eftirfarandi skilmálar. Megin form húsanna er skilgreint með byggingarreit og kennisiði. Heimilt er að full byggja byggingarreitina. Bæði viðbyggingin og bílskúrin skulu taka fullt til til aðliggjandi byggðar og falla vel að henni. Virða skal sögu svæðisins og formfræði húsanna. Sömu alud skal leggja í efnisval og útfærslu eins og finna má í gömlu varðveisluverðu húsunum í miðbænum. Þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða, munu byggingaryfirvöld meta hvort byggingarleyfisumósóknir samræmist viðmiðum um yfirbragð.

Megin mænisstefna fyrir bílskúrsreit kemur fram á upprætti. Viðbygging við ibúðarhúsið skal vera með einhalla þakki. Litir skulu vera í anda gömlu byggðarinnar í miðbæ Stykkishólms. Þakhalli skal vera eins og kennisið sýnir en heimilað er frávik upp á 2°. Samræmis skal gæta í efnisval milli bílskúrs og ibúðarhús. Við frágang utanhlúss á bæði bílskúr og viðbyggingu við núverandi hús er einungis heimilt að nota einhver eftirtalinna byggingarefna:

#### Bök:

Timburklæðning, báruð málarklæðning (hefðbundin bára), sinkklæðning og koparklæðning.  
**Veggir:**  
Timburkæðning, báruð járnasklæðning, listuð pappaklæðning, sinkklæðning og koparklæðning.



#### UMFANG BYGGINGARHEIMILDAR



skýringauppráttur

mögulegar nýbyggingar

nýbyggingar

lóðamörk



## skýringauppráttur


- mögulegar nýbyggingar
- svæði sem þarf að hanna sérstaklega
- göngustígar
- grænt svæði

# STYKKISHÓLMUR MIÐBÆR

DEILISKIPULAGSBREYTING




STYKKISHÓLMUR - ADALSKIPULAG 2002 - 2022  
Staðfest 09.07.2002



Deiliskipulag fyrir breytingu.

Mynd sýnir mörk eldra deiliskipulags, sem samþykkt var 28.8.2003, með síðari breytingum.



Deiliskipulag eftir breytingu.

Mynd sýnir breytt deiliskipulagsmörk. Það svæði sem tekið er frá eldra deiliskipulagi verður nú hluti af nýju deiliskipulagi „Stykkishólmur miðbær, reitur austan Aðalgötu.“ Afmörkun deiliskipulagsáætlananna fyrir miðbæ verða með þessu móti skýrari og falla sitt hvoru megin við Aðalgötuna.

22.03.2022 smávægilegar breytingar gerðar eftir athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaða nr. 123/2010. Tillaga að deiliskipulagsbreytingunni var auglýst þann 19. maí, 2021 með alhugsemdafresti til og með 30. júní, 2021 samhlíða auglysingu um tillögu að nýju deiliskipulagi „Stykkishólmur miðbær, reitur austan Aðalgötu“. Hún var samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þann 9. desember, 2021 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 27. apríl, 2022.

GLÁMA · KÍM

Arkitektar Laugavegi 164 ehf. 105 Reykjavík  
s: 530-8100, t: 530-8101, kl: 560 496 2739  
glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is

Eyrir hönd Stykkishólmsbæjar JÓHN RIMONDSSON


**STYKKISHÓLMUR MÍÐBÆR, REITUR AUSTAN ÁÐALGÖTU**  
DÚNHVÖÐUN ACCORDO & LTD

UEILISKI PULAGSUF PURAIIUR

Almordun þessar stræðir sem og ekki í  
gildandi deildarskipulegi. Stykkisholmu  
mildarétt við gilditíðinu þessa skipulegs.

L'esdrùl d'un veguer i l'obra

Málmök sem fálla úr gjái



9  
1  
1  
1  
1

Yeni Yönetmeliğin, Skiplegastonun sözleşisi skipolagakta  
2022 meş münhalat astıgaseemidum şem venü liglərində,  
cildi ned bñtrə B-dekl Sylomartlındə 27. apri 2022.